

Íslenska *á allra vörum*

*Íslenska sem annað tungumál
-kennstuleiðbeiningar*



Bryndís Inda Stefánsdóttir | Kristín Björk Gunnarsdóttir

Íslenska á allra vörum 1 – Kennsluleiðbeiningar

Til kennara

Þessar kennsluleiðbeiningar eru með bókinni *Íslenska á allra vörum* sem er byrjendanámsefni í íslensku fyrir útlendinga. Lögð var áhersla á að hafa bókina einfalda og skýra en höfða samt til fullorðinna. Þegar nemendur hafa kynnst bókinni geta þeir nýtt sér hana sem nokkurs konar uppflettirit (sagnir, litir, tölur o.fl.). Prentað er öðru megin á hverja síðu til að nemendur geti glósað hjá sér orð og annað sem rætt er um 2í tengslum við hvert viðfangsefni. Oftast er hvert viðfangsefni aðeins á einni blaðsíðu og því hægt að taka blaðsíður bókarinnar í þeirri röð sem hver kennari óskar.

Grunnnám í íslensku fyrir útlendinga er skv. námskrá frá árinu 2008 ¹⁾ 260 kennslustundir og skiptist upp í fjóra áfanga. Fyrsti áfanginn er 60 kennslustundir og kemur bókin inn á alla þá efnisþætti sem þar eru upptaldir.

Á byrjendanámskeiði í íslensku þarf að okkar mati að leggja áherslu á að nemendur hlusti mikið á íslensku og að þeir geti gert sig skiljanlega með einföldum orðum og setningum. Bókin ein dugur því ekki til og hverju viðfangsefni þurfa því að fylgja munnlegar æfingar og endurtekningar.

Uppbygging kennsluleiðbeininga

Í kennsluleiðbeiningunum má sjá litla mynd af hverri blaðsíðu. Þar er viðfangsefni síðunnar aðeins útskýrt, oft eru ýmsar ábendingar til kennara og svo lagðar fram hugmyndir að æfingum. Æfingarnar henta vel til að fara dýpra í viðfangsefnið eða til að koma að því frá öðru sjónarhorni. Æfingarnar er flestar þess eðlis að hægt er að nota þær á fleiri vegu en hér eru nefndir og með margvíslegum viðfangsefnum. Það er undir kennaranum komið að útfæra þær á sinn hátt og einnig er lærdómsríkt að endurtaka sumar þeirra aftur og aftur.

Það er von okkar að kennslubókin falli kennurum og nemendum vel og auðveldi útlendingum að læra tungumálið okkar betur.

Gangi ykkur vel!

Bryndís Inda og Kristín Björk

<http://www.margvis.is/>

inda@akmennt.is

kbjork@centrum.is

1) Menntamálaráðuneyti 2008. Íslenska fyrir útlendinga—grunnnám. Námskrá. Rit 42.

Íslenska á allra vörum 1 – Kennsluleiðbeiningar

Blaðsíða 1 — Íslenska stafrófið

Undirstaða þess að ná góðum tókum á íslensku er m.a. falin í góðri kunnáttu á stafrófinu.

Gott er að fara bæði í gegnum heiti stafanna (til að stafa) og hljóð þeirra (fyrir framburð). Gott er að nemendur skrifi á „sínu tungumáli“ bæði heiti og framburð stafanna. Einnig er gott að kenna þeim að skrifa inn í hornklofa þann framburð orða og stafa sem þeir heyra. Dæmi: ég [jeg], horfa [horva] o.s.frv....(allir gera þetta á „sínu“ máli).

MUNA! Farið sérstaklega í sérhljóðana og muninn á t.d. *a* og *á*, *i* og *í*. Rifjið upp reglulega!

Æfing:

- Íslenska á allra vörum—fjölnota efni. Notið stafrófið til ýmissa æfing. Sjá eigin kennsluleiðbeiningar.
- Nemendur draga staf og segja heiti hans og/eða hljóð. Síðar geta þeir sagt orð sem byrja á stafnum.
- Stafrófið skrifað upp á töflu. Nemendur sitja t.d. í hring og fara svo með stafrófið þannig að hver segir einn staf. Reynt að gera eins hratt og nemendur treysta sér til og byrjað er upp á nýtt ef nemendur ruglast.
- Alveg eins og æfingin hér að ofan nema að sá sem ber vitlaust fram eða segir rangan staf er úr.
- Nemendur eru í 3-4 manna hópum. Kennari segir einhvern staf og nemendur eiga að finna t.d. eitthvað sem hægt er að borða og mannsnafn sem byrjar á stafnum. T.d. E. epli og Eva. Leikinn er hægt að þyngra með því að finna t.d. flík, staðarnafn á Íslandi o.fl.

Blaðsíða 2 — Algeng orð

Nokkur algeng hugtök sem nauðsynlegt er að kunna á íslensku. Margir kunna þessi hugtök þegar þeir hefja íslenskunám en ekki allir.

Æfing:


- Látbragðsleikur þar sem hugtökin eru leikin og hinir geta uppá.

Blaðsíða 3 — Hér er ég!

Persónufornöfn bæði í et. og ft. kynnt til sögunnar en þó einungis í nefnifalli. Sögnin *að vera* tekin með. Gott að æfa aftur og aftur með nýjum hugtökum.

Æfing:

- Nemendur segja aðeins frá sjálfum sér og styðjast við setningar á síðunni.




Íslenska á allra vörum 1 – Kennsluleiðbeiningar

Blaðsíða 4 – Hér er ég!

Æfing þar sem nemendur fylla persónufornöfn og sögnina *að vera* í eyðurnar. Hægt að styðjast við síðuna á undan við vinnuna.

Æfing:

- Nemendur loka bókinni, kennarinn skrifar dæmi á töflu þar sem reynir á kunnáttu nemenda.
- Kennari og nemendur búa saman til setningar til að æfa hugtökin *við, þið, þeir, þær og þau*. Upplagt er að gera setningar um nemendurna. T.d. Þeir eru frá Þýskalandi. Þær eru að vinna á hóteli.




Blaðsíða 5 – Umhverfið mitt

Teiknið einfalda mynd af hlutum úr umhverfinu á flettistöflu (til að eiga og vísa í síðar) eða tússtöflu. Setjið númer við atriðin á myndinni og skráið viðeigandi heiti neðst á síðuna/töfluna. Kosturinn við að gera þetta á flettistöflu og skrifa neðst á blaðið er að þá er hægt að brjóta blaðið þannig að textinn sjáist ekki, benda á myndirnar og kanna hvað nemendur muna.

Hugmyndir: hús, gluggi, hurð, bíll, fjall, ský, sól, tungl, fugl, köttur, hundur, maður, kona, stelpa, strákur, fáni, gras, gata...

Æfing:

- Ef tvær töflur eru í stofunni er hægt að skipta nemendum í tvö lið (einnig hægt að nota tvö stór blöð). Hafið töflurnar þannig að liðin sjái ekki hvort hjá öðru. Einn úr hvoru liði kemur upp að töflu og teiknar eftir fyrir mælum kennarans. Gert þar til allir hafa teiknað. Vekur ávallt kátínu þegar myndirnar eru skoðaðar.
- Takið myndina fram aftur seinna, hyljið textann og rifjið upp heitin á myndinni!




Blaðsíða 6 – Hvað heitir þú?

Einfalt samtal þar sem farið er í helstu persónuupplýsingar. Allt eru þetta spurningar sem nauðsynlegt er að skilja og geta svarað.

MUNA! Vekið athygli á því að framburðurinn á spurnarorðunum (hvað, hvar...) er „kvað“ og „kvar“ o.s.frv.

Æfing:

- Kennari spyr nemendur spurninganna á síðunni.
- Nemendur ganga á milli og spyrja hver annan.
- Nemendur segja frá sjálfum sér eða sessunaut sínum.



Íslenska á allra vörum 1 – Kennsluleiðbeiningar

Blaðsíða 10 — Að tala saman

Hvernig getum við svarað spurningunni „hvað segir þú gott?“ Kennari les textann hægt fyrir nemendur og síðan geta nemendur spurt um orð sem þeir ekki skilja.

MUNA: Bendið nemendum á að orðið *góður* er mismunandi í kveðjunum neðst á síðunni af því að það beygist í kynjum með nafnorðinu. *Góðan dag* (kk.) *gott kvöld* (hk.) og *góða nótt* (kvk.)

Æfing:

- Nemendur kenna hópnum kveðjur á sínu tungumáli, t.d. „góðan dag“, „góða nótt“ o.s.frv.



Blaðsíða 11, 12, 13, 14 —

Hvað ert þú að gera?


Daglegar athafnir o.fl. Mikill orðaforði og nauðsynlegt að nemendur kynnist þessum síðum vel.

Í upphafi er gott að leggja áherslu á að nota sögnina *að ætla* af því að henni fylgir sögnin í nafnhætti.

Nýtið síðurnar á sem fjölbreyttastan hátt og komið að þeim aftur og aftur.

Æfing:

- Íslenska á allra vörum—fjölnota efni.* Sagnir- athafnir. Sjá eigin kennsluleiðbeiningar.
- Kennari/nemendur spyrja
 - hvað finnst þér gaman að gera?
 - Hvað finnst þér leiðinlegt/ekki gaman að gera?
 - Hvað ætlar þú að gera um helgina?
 - Hvað gerðir þú um helgina? (Ég var að...)
 - Hvað langar þig að læra?
- o.s.frv.
- Með aukinni kunnáttu nemenda er upplagt að þeir velji nokkrar sagnir sem þeir vilja læra í þáttíð.
- Merkið við allar sagnir sem fá *-aði* endingu í þáttíð.



Íslenska á allra vörum 1 – Kennsluleiðbeiningar

Blaðsíða 15 – Litirnir


Farið er í gegnum litina í öllum kynjum (bara karlkyni ef hópurinn er ekki tilbúinn í meira). Segið nemendum einnig frá forskeytnum *ljós-* og *dökk-* (ljósblár, dökkblár). Í hvítu reitina má bæta við litum sem vantar t.d. gull og silfur.

Ekki er ætlast til að nemendur læri öll kynin í fyrstu tímum námskeiðsins en þegar þeir fara að heyrna litarheiti er gott að þeir viti að orðin beygjast.

MUNA! Bendið á regluna sem kemur t.d. fram hjá þeim litum í kk. sem enda á -ur (gulur, hvítur). Þá er kvk. án endingar og hk. fær endinguna -t.

Æfing:

- Litirnir æfðir með spurningum eins og t.d. „hvernig er peysan þín á litinn?“




Blaðsíða 16 – Föt

Myndir af fötum. Viðeigandi heiti skrifuð við og framburður æfður. Ef hópurinn er tilbúinn má setja kyn við orðin.

MUNA! Hér er tilvalið að ná góðum tókum á spurningunni „Hvað er þetta?“ og svarinu „Þetta er...“.

Æfing:

- Tengid saman liti og fatnað. Nemendur æfa sig að nota rétt kyn lýsingarorðsins/litarins með fatnaði (gul peysa, gulur skór).
- Nemendur segja í hverju þeir eru og spyrja sessunaut sinn í hverju hann er.
- Nemendur skoða myndir af fólki og lýsa klæðnaði þess. Þeir geta skáldað ýmislegt um persónuna og stuðst þá við bls. 6 og 8 í bókinni.
- Nemendur skoða og handfjatla föt. Hægt að dreifa þeim um stofuna og láta nemendur sækja eða benda á ákveðna flík.




Blaðsíða 17 – Fylgihlutir

Farið yfir orðin og notið með blaðsíðunum um föt og liti.

Æfing:

- Nemendum skipt í minnst 3 lið. Einn úr hverju liði fer til kennarans sem gefur þeim fyrirmæli um hvað eigi að ná í til hinna í liðinu, t.d. sokk, úr eða peysu. Hægt að hafa það þannig að sá sem er síðastur sé úr leik!
- Nauðsynlegt að taka stuttar æfingar aftur og aftur og nota öll orðin sem búið er að fara í gegnum! (föt, fylgihlutir, litir)



Íslenska á allra vörum 1 – Kennsluleiðbeiningar


Blaðsíða 18 — Tölurnar

Farið yfir tölurnar 0-20. Framburðurinn æfður, kennari les og nemendur endurtaka.

MUNA! Vekið athygli nemenda á að tölurnar 1-4 eru mismunandi eftir kynjum.

Æfing:

- Nemendur spyrja hver annan um kennitölu og símanúmer.
- BINGÓ.** Hver nemandi býr sér til lítið bingóspjald sem er 9 reitir (3x3) og setur tölur frá 0-20 í reitina. Kennari er með tölurnar á litlum miðum og dregur. Hægt er að þyngrja þennan einfalda leik með því að segja t.d. 7+3 í stað 10. Nemendur geta líka stjórnað bingóinu!



Blaðsíða 19 — Tugirnir


Farið yfir tugina. Framburðurinn æfður, kennari les og nemendur endurtaka. Gott að láta nemendur æfa sig tvo og tvo saman.

Skrifaðu töluna sem kennarinn segir! (Æfing neðst á síðunni).

Kennari les upp einhverjar átta tölur sem hann ákveður og svo er farið yfir hvort nemendur hafi skrifað réttar tölur.

Æfing:

- Nemendur hvattir til að læra að segja kennitöluna sína með tugum, t.d. tuttuguogþrjár í stað tveir, þrjár.
- Kennari skiptir nemendum í lið. Hann skrifar fullt af tölum á töfluna og þarf hver tala að koma jafn oft fyrir og liðin eru mörg. Hvert lið fær sinn lit af tússpenna og svo er kapphlaup upp að töflunni þar sem setja á hring um töluna sem kennarinn segir. Nemendur skiptast á við hverja tölu. Í lokin eru svo stigin talin.
- BINGÓ.** Eins og æfingin á bls. 18 nema tölurnar frá 0-100 eru notaðar. Kennari gefur upp fyrirfram á hvaða talnabili tölurnar eiga að vera. T.d. 30-50 eða 60-80.




Blaðsíða 20 — Dagarnir

Farið er í vikudagana auk þess sem tímahugtökin *í gær*, *á morgun* og fleiri eru æfð.

MUNA! Þegar búið er að fara í dagana er hægt að byrja hverja kennslustund á því að spyrja „*hvaða dagur er í dag, í gær...*“.

Æfing:

- Íslenska á allra vörum—fjölnota efni.* Notið verkefnið *Dagarnir* til ýmissa æfinga. Sjá kennsluleiðbeiningar fyrir fjölnota efni.
- Gott er að tengja spurningarnar á síðunni við sagnablöðin á bls. 11-14.
- Nemendur skrifa vikudagana á miða, klippa niður og raða í rétta röð.



Íslenska á allra vörum 1 – Kennsluleiðbeiningar

Blaðsíða 21 — Mánuðir og árstíðir

Farið er í heiti mánaðanna og framburð þeirra. Þá eru líka tekin fyrir hugtökin *mánuður*, *vika* og *dagur*, *sem* og *árstíðirnar*. Nemendur skrifa við myndirnar hvaða mánuðir tilheyra hverri árstíð á Íslandi. Þessi skipting er ekki eins í öllum löndum svo væntanlega skapast umræður um veður, kulda, dimmu og slíkt.


Haust = september, október (eða 15. ág.—15. nóv?)

Vetur = nóvember, desember, janúar, febrúar, mars.

Vor = apríl og maí (eða til 15. júní?)

Sumar = júní, júlí, ágúst

Ýtarlegri upplýsingar um árstíðirnar má finna í kennsluleiðbeiningum 2. Skýringar með bls. 28.



Blaðsíða 22 — Veður

Nemendur skrifa rétt veðurhugtök við myndirnar. Nemendur geta nýtt bls. 11-14 þegar kemur að því að segja hvað sé gaman að gera þegar það er sól/ rigning.

Æfing:

- Hvernig er veðrið í heimalöndum nemendanna? Fáid þá til að segja frá því og hvernig þeim finnst íslenskt veðurfar. Er gott veður á Íslandi eins og gott veður í þeirra heimalandi? Hvers sakna þeir frá heimalandi sínu sem snýr að veðri (strönd, mikill hiti...).
- Nemendur standa í hring og leika eitthvert veður. Hinir eiga að geta. Einfalt og skemmtilegt!




Blaðsíða 23 — Vetur á Íslandi

Léttur texti um vetur á Íslandi. Ekki líkar öllum vel við langan vetur og kulda. Margir útlendingar eru að fást við hluti sem þeir hafa aldrei þurft að gera í sínu heimalandi eins og t.d. að moka stéttina, skafa bílrúðuna á morgnana og keyra á vetrardekkjum í snjó. Það er líka margt skemmtilegt hægt að gera í snjónum, t.d. búa til snjókarl og fara í snjókast!

Æfing:

- Skapið umræður með hugtökunum neðst á síðunni og bætið fleiri hugtökum við.
- Kennari og nemendur hjálpast að við að skrifa öll orð sem þeir geta sem hefjast á *snjó*-. Snjókúla, snjókarl, snjóboxur, snjósleði...



Íslenska á allra vörum 1 – Kennsluleiðbeiningar

Blaðsíða 24 og 25 — Hvað er klukkan?

Farið er í klukkuna og hugtök sem tengjast henni.

Gott er að teikna stóra klukkuskífu upp á töflu og sýna myndrænt hvenær klukkan er *yfir, í, korter og hálf*.

MUNA! „Klukkan er“... = „hún er...“

Vekið athygli á því að við segjum að klukkan sé eitt, tvö, þrjú og fjögur en ekki einn, tveir, þrír og fjórir.

Nemendur gætu hafa heyrt hugtökin *klukkuna vantar... mínútur í og klukkan er mínútur gengin í* en flestum finnst auðveldara að nota hugtökin sem eru talin upp hér að ofan.

Æfing:

- Nemendur teikna eða fá tvær tómar klukkuskífur og teikna hvað klukkan er. Þeir láta svo næsta mann hafa sínar klukkur og segja hvað klukkan er. Skiptið hópnum í tvennt ef hann er mjög stór!




Blaðsíða 26 — Ávextir

Nemendur skrifa heiti við þessa algengu ávexti. Notið spurningarnar neðst á síðunni til að æfa hugtökin.

MUNA: Gott að tengja litum, fleirtölu og kynjum.

Æfing:

- Gott að rifja upp og taka jafnvel ávexti með sér í tíma. Upplagt þá að fara í hugtök sem þessi: *hýði, skera niður, flysja, skipta í tvennt....og smakka á herlegheitunum.*
- Eru einhverjir ávextir sem nemendur fá ekki hér á Íslandi en eru vanir að borða í heimalandi sínu?
- Kennari spyr nemendur hvað þeim finnst gott/ekki gott að borða.
- Einfaldar myndir af ávöxtum teiknaðar á töfluna. Nemendum skipt í lið og fær hvert lið penna (mismunandi litir). Liðin raða sér upp í raðir svolítið frá töflunni. Fremsti maður er með penna. Kennari hvíslar að öftustu mönnum nafn á ávexti og þeir láta síðan nafnið berast fremst í röðina í sínu liði (hvísla að næsta manni og svo koll af kolli). Fremstu menn keppast svo um að krossa yfir ávöxtinn á töflunni.



Íslenska á allra vörum 1 – Kennsluleiðbeiningar


Blaðsíða 27 – Grænmeti

Nemendur skrifa heitin við grænmetið.

MUNA: Gott að tengja litum, fleirtölu og kynjum.

Æfing:

- Sjá blaðsíðu 26— Ávextir
- **Ávaxta/grænmetiskarfan:** Nemendur sitja í hring en einn er í miðjunni án stóls. Allir þátttakendur fá nafn ávaxtar/grænmetis. Kennari útteilir nöfnunum þannig að nokkrir nemendur eru með sama nafnið. Sá sem er í miðjunni segir svo eitt heitanna og þá eiga þeir sem bera það heiti að skipta um sæti. Sá sem er í miðjunni reynir að vera fyrri til og stela sæti! Sá sem ekki fær sæti fer í miðjuna. Sé kallað „ávaxtakarfa“ eiga allir að skipta um sæti.



Blaðsíða 28 – Matur

Nemendur skrifa heiti við myndirnar. Gott er að nota spurningarnar neðst á síðunni til að æfa hugtökin.

Þessi síða er engan veginn tæmandi fyrir hugtök tengd mat en er tilvalin til að opna fyrir frekari umræður um mat og matarvenjur.

Æfing

- **Búðaleikur:** Safnið umbúðum af mat og notið til að fara í n.k. búðaleik með nemendum.
- Hugarkort - ef nemendur hafa lært mörg hugtök tengd mat er gott að flokka þau undir hugtök eins og *bökunarvörur*, *mjólkurvörur*, *hreinlætisvörur*, *morgunmatur*, *kjöttvörur* o.s.frv.




Blaðsíða 29 – Eldhús

Tilvalið er að setja myndina á glæru og varpa henni upp á töflu. Kennari og nemendur velja 15 eða fleiri hluti á myndinni og skrifa heitin við.

MUNA! Kennari þarf að vera meðvitaður um hvort hann ætlar að kenna eintölu, fleirtölu eða hvoru tveggja.

Æfing:

- **Kyn orða:** ef hópurinn er tilbúinn er hægt að finna kyn orðanna saman. Reglur sem hægt er að styðjast við eru:
 - **Karlkyn:** orð sem enda á -ur í et. og einnig mörg sem enda á -i í et. (Undantekning t.d. hreiður)
 - **Kvenkyn:** orð sem enda á -a í et. eða eru án endingar. (Undantekning t.d. auga, lunga, hjarta)
 - **Hvorugkyn:** orð án endingar í et.



Íslenska á allra vörum 1 – Kennsluleiðbeiningar


Blaðsíða 30 – Hvar er hundurinn?

Hér er farið yfir helstu forsetningar. Hugtökin neðst á síðunni eru skrifuð við myndirnar.

MUNA! Oft eru til fleiri en ein forsetning sem merkja það sama, t.d. fyrir *framan*—*framan við*, en hér er einungis eitt hugtak nefnt til hægðarauka þar sem væntanlega er um byrjendur að ræða.

Æfing:

- Nemendur halda allir t.d. á penna og kennarinn segir hvar á að setja hann (undir borðið, á borðið, milli augnanna, ofan í hálsmálið o.s.frv.).




Blaðsíða 31 – Raðtölur

Raðtölur er nauðsynlegt að kunna þegar kemur að dagsetningum, afmælisdögum, ferðadögum og fleiru slíku.

MUNA! Hér eru þær einungis í nefnifalli (í dag er fyrsti, annar...) en við setjum raðtölurnar í þolfall þegar við tölum um hvenær við komum eða förum og hvenær við eigum afmæli. Sjá næstu síðu.

Æfing:

- Nemendur draga raðtölur upp úr poka og bera fram.
- Kennari skrifar tölur á töfluna og nemendur segja.
- Kennari segir dagsetningar og nemendur skrá báðar tölurnar sem raðtölur. Dæmi, kennari segir, „*áttundi október*“ og nemendur skifa þá *08.10*.




Blaðsíða 32 – Að eiga afmæli

Raðtölur í tengslum við afmælisdaga. Raðtölurnar eru þá í þolfalli og því með endinguna -a. Sögnin *að eiga* er tekin fyrir og persónufornöfn rifjuð upp.

Æfing:

- Ef nemendur eru tilbúnir er gott að taka sagnirnar *að koma* og *að fara*. Æfið þær með spurningum eins og *hvenær komst þú til Íslands*, *hvenær ferð þú í sumarfrí*, *hvenær fórst þú síðast í flugvél/í Bónus/í klippingu... ?*
- Frumtölur og raðtölur. Nemendur ganga á milli og spyrja hver annan ýmissa spurninga tengdar tölum t.d. *hver er kennitalan þín*, *hvað er símanúmerið þitt*, *hvenær átt þú afmæli*, *hvenær komst þú til Íslands* o.s.frv.



Íslenska á allra vörum 1 – Kennsluleiðbeiningar

Blaðsíða 33 og 34 — Fjölskyldan mín

Einfaldur texti þar sem komið er inn á helstu hugtök tengd fjölskyldu. Töluorðin einn, tveir, þrír og fjórir beygð í kynjum með orðunum bróðir, systir, strákur, stelpa og barn.

MUNA! Vekið athygli á eignarfornöfnunum *mínn* og *mín* í tengslum við t.d. mamma/systir mín, pabbi/bróðir minn.

Ólíkt mörgum öðrum tungumálum segja orðin frænka og frændi ekkert til um aldur einstaklinganna eða tengslin við þá.

Æfing:

- Nemendur segja frá fjölskyldum sínum, hve mörg systkin þau eiga og slíkt.
- Nemendur teikna einfalda mynd af fjölskyldu sinni eða gera ættartré. Nemendur skrifa einfaldan texta við og kynna jafnvel fyrir hópnum.
- Kennari spyr spurninga til að skapa umræður.

Dæmi:

Átt þú bróður/systur?

Átt þú systkin?... (á bæði við bræður og systur)

Átt þú ömmu/afa á lífi?

Hvað er gaman að gera með fjölskyldunni?

Blaðsíða 35 — Líkaminn

Nokkur hugtök sem tengjast líkamanum tekin fyrir.

MUNA! Hugtökin eru öll í eintölu en mörg þeirra notum við mjög oft í fleirtölu, t.d. eyru og augu.




Æfing:

- Íslenska á allra vörum—fjölnota efni. Notið verkefnið *Líkaminn* til ýmissa æfinga. Sjá kennsluleiðbeiningar fyrir fjölnota efni.
-
- Nemendur standa saman tveir og tveir. Annar segir hugtök tengd líkamanum og hinn bendir á líkamshlutann á sjálfum sér.

Upplagt að taka svo lagi!

Höfuð, herðar, hné og tær.
Hné og tær.(endurtekið)
Augu, eyru, munnur og nef.
Höfuð, herðar, hné og tær
hné og tær.


Hnakki, kinnar, haka, háls
haka, háls. (endurtekið)
Bringa, magi, bak og rass.
Hnakki, kinnar, haka, háls,
haka, háls.



Íslenska á allra vörum 1 – Kennsluleiðbeiningar

Blaðsíða 36 – Hvernig líður þér?

Hugtök sem tengjast veikindum og vanlíðan. Nauðsynlegt er að kenna hugtök sem þessi til að fólk geti gert sig skiljanlegt við vinnuveitendur eða lækna.




Blaðsíða 37 – Ert þú lasinn?

Einföld samtöl þar sem farið er í gegnum það hvernig veikindi eru tilkynnt t.d. vinnuveitanda og hvernig tími er pantaður hjá lækni.

Æfing:

- Kennari les textann upphátt fyrir nemendur sem síðan lesa hann saman tveir og tveir.
- Nemendur vinna í pörum, „hringja“ hvor í annan og tilkynna veikindi eða panta tíma hjá lækni.



Blaðsíða 38 – Tilfinningar

Komið er inn á nokkrar tilfinningar sem oft má lesa út úr svipbrigðum fólks. Hugtökin sem geta átt við um manninn eru (í þessari röð) *fúll, reiður, hræddur, glaður*. Neðst á síðuna á að setja sömu hugtök í kvenkyn.

Æfing:

- Skapið umræður með því að velta fyrir ykkur af hverju hann sé fúll/reiður...
- Nemendur standa í hring og eiga að leika tilfinningu. Hinir eiga að geta hvaða tilfinningu hann er a sýna.



Íslenska á allra vörum 1 – Kennsluleiðbeiningar


Blaðsíða 39 – Hvar vinnur þú?

Nemendur skrifa viðeigandi starfsheiti við myndirnar og hvað viðkomandi gerir í vinnunni.

(afgreiðslumaður/kona, kennari, hjúkrunarfræðingur, málari, læknir, kokkur, sönkona/söngvari, sorphirðumaður, smiður, bréfberi, slökkviliðsmaður, lögregla, dýralæknir, sjómaður, herbergisþerna, rafvirki/iðnaðarmaður)

Æfing:

- Nemendur segja hvar þeir vinna eða hafa unnið og hvað þeir gera í vinnunni.




Blaðsíða 40 – Skrifborð

Tilvalið er að setja myndina á glæru og varpa henni upp á töflu. Kennari og nemendur velja 20 eða fleiri hluti á myndinni og skrifa heitin við.

MUNA! Kennari þarf að vera meðvitaður um hvort hann ætlar að kenna eintölu, fleirtölu eða hvoru tveggja.

Æfing:

- Veljið nokkra hluti á myndinni og finnið kynið.
- Kennari spyr nemendur leiðandi spurninga, t.d.:
 - Hvað notum við til að skrifa með?
 - Á hverju sitjum við?
 - Hvað notum við til að ydda með?
 - Í hvað hendum við ruslinu?
 - Í hvað setjum við bréf sem við erum búin að skrifa?



Blaðsíða 41 – Herbergið mitt

Kennari gefur nemendum fyriræli um hvað eigi að teikna og hvar. Dæmi: *Teiknið glugga á miðvegginn. Við hliðina á hurðinni er bókahilla...*

Einnig getur kennari einungis gefið fyriræli um hvað eigi að teikna, ekki hvar. Nemendur ráða hvar þeir teikna hlutina og segja síðan frá því.

(rúm, hilla, motta, gluggi, ljós, mynd.... látið nemendurna koma með hugmyndir)

